

RÍKISENDURSKOÐUN

Landeyjahöfn Framkvæmda- og rekstrarkostnaður

Eftirfylgni



Nóvember 2025

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Niðurstöður og samantekt.....	4
1 Eftirfylgni með tillögum til úrbóta.....	5
1.1 Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2022 og viðbrögð	5
Tillaga 1: Færa ber kostnað við viðhaldsdýpkun sem rekstrarkostnað	
Landeyjahafnar.....	6
Tillaga 2: Ráðast þarf í heildstæða úttekt á nauðsynlegum úrbótum.....	6
Tillaga 3: Vanda hefði þurft betur undirbúning og kaup á botndælubúnaði	7

Inngangur

Í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila fylgir Ríkisendurskoðun eftir niðurstöðum stjórnsluúttekta sinna eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilgangur slíkrar eftirfylgni er að kanna hvort og þá hvernig brugðist hefur verið við ábendingum og tillögum Ríkisendurskoðunar og hvort þeir annmarkar sem úttektir hafa leitt í ljós séu enn til staðar.

Með þessari skýrslu gerir Ríkisendurskoðun grein fyrir eftirfylgni með þeim niðurstöðum og tillögum til úrbóta sem settar voru fram í skýrslunni [Landeyjahöfn. Framkvæmda- og rekstrarkostnaður](#) (maí 2022). Ríkisendurskoðun ákvað haustið 2021 að eigin frumkvæði að hefja stjórnsluúttekt á framkvæmda- og rekstrarkostnaði Landeyjahafnar. Í úttektinni var leitast við að svara eftirfarandi meginspurningum:

1. Hver var áætlaður stofnkostnaður við hönnun og byggingu Landeyjahafnar?
2. Hver er stofnkostnaður hafnarinnar?
3. Hver hefur áætlaður rekstrarkostnaður við rekstur hafnarinnar verið fyrir hvert ár frá því höfnin var tekin í notkun til og með ársins 2020?
4. Hver hefur árlegur rekstrarkostnaður við rekstur Landeyjahafnar verið frá því höfnin var tekin í notkun til og með ársins 2020?
5. Hvernig hefur reksturinn verið fjármagnaður?
6. Hver er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður við rekstur Landeyjahafnar á árunum 2021–2024?

Ríkisendurskoðun setti í skýrslunni fram eina ábendingu á ábyrgðarsviði innviðaráðuneytis og tvær á ábyrgðarsviði Vegagerðarinnar. Í fyrsta lagi þyrfti að færa kostnað við viðhaldsdýpkun sem rekstrarkostnað Landeyjahafnar. Í öðru lagi þyrfti að ráðast í heildstæða úttekt á nauðsynlegum úrbótum og í þriðja lagi að vanda hefði þurft betur undirbúning og kaup á botndælubúnaði.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis skilaði áliti um skýrslu Ríkisendurskoðunar í október 2022, sjá [Þingskjal 437, 398. mál á 153. löggjafarþingi](#). Nefndin bendir á að kaup og uppsetning á botndælubúnaði hafi verið hluti af stærra verkefni sem miðaði að því að auka öryggi Landeyjahafnar en að öðru leyti tekur nefndin undir ábendingar sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun tilkynnti innviðaráðuneyti og Vegagerðinni um eftirfylgnina í mars 2025. Óskað var eftir upplýsingum um hvort og þá með hvaða hætti brugðist hafi verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar frá 2022. Enn fremur var óskað eftir uppfærðum tölulegum upplýsingum frá Vegagerðinni um m.a. kostnað við rekstur hafnarinnar á árunum 2021–2024. Svör ráðuneytisins og Vegagerðarinnar bárust í mars sama ár og þakkar Ríkisendurskoðun þeim fyrir veittar upplýsingar.

Niðurstöður og samantekt

Vegagerðin hefur bókað stofnkostnað við Landeyjahöfn upp á tæpa 3,4 ma. kr. tímabilinu 2005–2024. Fjárfestingakostnaður á tímabilinu 2011–2024 nemur tæpum 6,9 ma. kr., þar af vegur kostnaður vegna viðhaldsdýpkunar þyngst eða rúmum 5,3 ma. kr. Heildarkostnaður við Landeyjahöfn á tímabilinu 2005–2024 nemur ríflega 10,2 ma. kr.

Innviðaráðuneyti og Vegagerðin hafa komið til móts við tvær af þremur ábendingum Ríkisendurskoðunar. Vegagerðin hefur fært kostnað vegna viðhaldsdýpkunar Landeyjahafnar sem rekstrarkostnað frá árinu 2022, það er að segja í samræmi við tillögu Ríkisendurskoðunar til úrbóta frá 2022. Einnig viðurkennir stofnunin mikilvægi þess að vanda enn frekar til undirbúnings verka, í tengslum við tillögu Ríkisendurskoðunar frá 2022 þess efnis.

Hvað varðar tillögu Ríkisendurskoðunar til úrbóta frá 2022 um að ráðast þyrfti í heildstæða úttekt á nauðsynlegum úrbótum á Landeyjahöfn hafði innviðaráðuneytið bundið vonir við að óháð úttekt sem Vegagerðin fól ráðgjafastofnunum Vatnaskilum og LVRIS Consultancy að vinna myndi leiða í ljós hvaða leiðir væru í boði til að minnka árlega dýpkunarpörf, bæta dýpkunaraðferðir og meta hvort mannvirki við höfnina gætu bætt rekstrargrundvöll hennar. Að mati Vegagerðarinnar stóð skýrslan, sem skilað var í maí 2024, ekki undir væntingum. Þess í stað var haldið af stað með nýtt rannsóknarverkefni í samstarfi við dönsku straumfræðistofuna DHI. Verkefnið er í tveimur áföngum og munu niðurstöður fyrri áfanga liggja fyrir vorið 2025 en þess seinni í lok árs 2025 eða upphafi árs 2026. Í kjölfarið verða niðurstöður greindar og þá hefst vinna við umhverfismat og hönnun. Ráðuneytið gerir ráð fyrir að sú vinna taki tvö ár.

1 Eftirfylgni með tillögum til úrbóta

Meginniðurstaða stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar frá 2022 var að allar áætlanir um rekstur Landeyjahafnar hafi verið mjög vanáætlaðar og munar þar mestu um stórauðinn kostnað vegna viðhaldsdýpkunar. Á fimm ára samgönguáætlun 2015–2018 var gert ráð fyrir framlögum upp á rúma 1,3 ma. kr. en þegar upp var staðið reyndist kostnaður við höfnina vera tæpir 2,5 ma. kr. á sama tímabili. Kostnaður við höfnina árið 2020 reyndist vera um 461 m.kr. en framlög á samgönguáætlun fyrir sama ár var áætlaður 433 m.kr.

Gert var ráð fyrir sama framlagi á ári hverju 2021–2024. Þar af eru framlög vegna dýpkunar hafnarinnar áætluð 334 m.kr. á ári en raunkostnaður vegna viðhaldsdýpkunar reyndist þegar upp var staðið vera á bilinu 241 m.kr. (2021) og 621 m.kr. (2023). Heildarkostnaður vegna viðhaldsdýpkunar á tímabilinu 2021–2024 var tæpir 1,7 ma. kr. en á sama tímabili var gert ráð fyrir rúmum 1,3 ma. kr. á samgönguáætlun vegna viðhaldsdýpkunar.

Tafla 1.1 Árlegur stofn- og fjárfestingakostnaður við Landeyjahöfn 2005–2024 í m.kr.

Ár	Stofnk.	Viðhalds- dýpkun	Endur- bætur	Rannsóknir og tilraunir	Annar fjárfest.kostn.	Alls
2005– 2010	3.189,9					3.189,9
2011	45,1	315,5			141,4	502,0
2012	18,5	227,0		46,7	21,7	313,9
2013	15,5	311,0		35,4	76,3	438,2
2014	8,7	250,3		20,1	47,3	326,4
2015		625,0		71,4	22,9	719,3
2016		466,3		59,1	26,0	551,4
2017		370,0	7,3	44,7	35,7	457,7
2018		422,7	247,3	27,3	42,4	739,7
2019		302,7	181,5	15,1	18,4	517,6
2020		374,3	74,5	9,8	2,2	460,8
2021		240,7	217,5		11,4	469,6
2022		333,3*	-7,3	5,2	15,2	346,4
2023		621,2*	-23,4	1,9	44,4	644,1
2024	104,9	461,9*		12,5	2,4	581,7
Alls:	3.382,6	5.321,9	697,4	349,2	507,7	10.258,7

*Fært sem rekstrarkostnaður

Heimild: Vegagerðin

1.1 Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2022 og viðbrögð

Ríkisendurskoðun setti fram þrjár tillögur um úrbætur árið 2022. Í þeirri fyrstu var bent á mikilvægi þess að færa kostnað við viðhaldsdýpkun sem rekstrarkostnað Landeyjahafnar.

Tillaga 1: Færa ber kostnað við viðhaldsdýpkun sem rekstrarkostnað Landeyjahafnar

Ríkisendurskoðun bendir á að áætlanagerð þurfi að vera raunsæ og að framlög á samgönguáætlun og fjárlögum hverju sinni þurfi að vera í takt við kostnað við viðhaldsdýpkun, enda hefur hann reynst langt umfram upphaflegar áætlanir. Þá gagnrýnir Ríkisendurskoðun að kostnaður við viðhaldsdýpkun sé ekki færður sem rekstrarkostnaður Landeyjahafnar enda er sannarlega um rekstrarkostnað hafnarinnar að ræða.

Í svari Vegagerðarinnar til Ríkisendurskoðunar í mars 2025 kemur fram að brugðist hafi verið við úrbótatillögunni. Þannig hafi kostnaður vegna viðhaldsdýpkunar Landeyjahafnar verið færður sem rekstrarkostnaður frá árinu 2022.

Álit Ríkisendurskoðunar vegna tillögu 1:

Vegagerðin hefur brugðist við ábendingu Ríkisendurskoðunar að fullu.

Önnur tillaga Ríkisendurskoðunar til úrbóta laut að því að ráðast þyrfti í heildstæða úttekt á nauðsynlegum úrbótum á Landeyjahöfn.

Tillaga 2: Ráðast þarf í heildstæða úttekt á nauðsynlegum úrbótum

Ríkisendurskoðun telur að nauðsynlegt sé að ráðast í heildstæða úttekt á Landeyjahöfn svo fá megi úr því skorið hvað raunverulegar endurbætur kosta (þ.m.t. á innsiglingunni) og hvort fýsilegt sé að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir til þess að bæta nýtingu hafnarinnar í stað þess að kosta miklu til viðhaldsdýpkunar á ári hverju. Árið 2020 var ráðist í óháða úttekt á höfninni sem leiddi í ljós að miklar og kostnaðarsamar endurbætur þyrftu að eiga sér stað á höfninni og innsiglingu hennar væri markmiðið að ráða bót á framtíðarnýtingu hennar. Úttektin takmarkaðist þó við fyrirliggjandi gögn sem komu einkum frá Vegagerðinni. Stjórnvöld þurfa að mati Ríkisendurskoðunar að taka afstöðu til þess hvort ráðist verður í slíkar endurbætur.

Í svari innviðaráðuneytis til Ríkisendurskoðunar í mars 2025 kemur fram að ráðuneytið hafi falið Vegagerðinni að afla aukinna upplýsinga um núverandi aðstæður í Landeyjahöfn og jafnframt greina ráðstafanir sem brýnar væru til að tryggja aðstæður við höfnina. Gert var ráð fyrir að þeirri vinnu myndi ljúka árið 2022 og í kjölfarið yrði hægt að taka afstöðu til næstu skrefa, m.a. hvort fýsilegt væri að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir til þess að bæta enn frekar nýtingu hafnarinnar og draga úr árlegum dýpkunarkostnaði.

Vegagerðin samdi í framhaldi við ráðgjafastofurnar Vatnaskil og LVRIS Consultancy um að framkvæma óháða úttekt á Landeyjahöfn og í framhaldi hennar var gerð skýrsla um mögulegar endurbætur á höfninni. Markmiðið var að kanna hvaða leiðir væru í boði til að minnka árlega dýpkunarpörf, bæta dýpkunaraðferðir og meta hvort mannvirki við höfnina gætu bætt rekstrargrundvöll hennar. Skýrslunni var skilað til Vegagerðarinnar í maí 2024.

Að mati Vegagerðarinnar stóð skýrslan ekki undir væntingum þar sem hún bætti takmarkað við þá þekkingu sem stofnunin bjó þegar yfir varðandi aðstæður við Landeyjahöfn. Í ljósi þess var ákveðið að hefja rannsóknarverkefni í samstarfi við dönsku straumfræðistofnuna DHI en það hófst haustið 2024. Verkefnið er unnið í tveimur fösom og er gert ráð fyrir að þeim fyrri ljúki vorið 2025. Að honum loknum verður sett upp tímalína fyrir seinni fasa þar sem m.a. verður tekin afstaða til eftirfarandi þátta:

- Hvort færsla á Markarfljóti geti bætt aðstæður við höfnina.
- Hvort garðar á rifinu bæti nýtingu hafnarinnar og hver áhrif þeirra yrðu á sandburð.
- Uppsetning á botnbreytileikalíkani af Landeyjahöfn, þar sem hægt verður að prófa fleiri útfærslur sem byggja á niðurstöðum skýrslu DHI frá árinu 2013.

Að sögn ráðuneytisins er gert ráð fyrir að niðurstöður seinni fasa rannsóknarverkefnisins liggi fyrir í árslok 2025 eða byrjun árs 2026. Þá hefst ítarleg greining á niðurstöðum og í beinu framhaldi vinna við umhverfismat og hönnun. Ráðuneytið gerir ráð fyrir þessi vinna taki tvö ár en það ráðist að mestu leyti af því hversu greiðlega gengur að afla, leyfa og meta umhverfisáhrif.

Álit Ríkisendurskoðunar vegna tillögu 2:

Töluverðar tafir hafa orðið á heildstæðri úttekt á nauðsynlegum úrbótum á Landeyjahöfn. Þannig er ekki gert ráð fyrir að niðurstöður úr rannsóknarverkefni sem miðar að því að bæta nýtingu hafnarinnar liggi fyrir fyrr en í árslok 2025 eða í byrjun árs 2026. Þá taki við tveggja ára vinna til viðbótar við greiningu á niðurstöðum, hönnun og öflun leyfa. Það er því ljóst að kostnaður vegna viðhaldsdýpkunar verður að óbreyttu umtalsverður næstu árin.

Þriðja tillaga Ríkisendurskoðunar sneri að því að vanda hefði þurft betur undirbúning og kaup á botndælubúnaði.

Tillaga 3: Vanda hefði þurft betur undirbúning og kaup á botndælubúnaði

Að mati Ríkisendurskoðunar hefði Vegagerðin þurft að ígrunda betur kaup á botndælubúnaði fyrir Landeyjahöfn. Fljótlega eftir að búnaðurinn kom til landsins árið 2020 kom í ljós að afköst hans myndu ekki réttlæta kostnað við uppsetningu og var því hætt við verkið í miðjum klíðum. Um var að ræða kostnaðarsama fjárfestingu sem reyndist ekki grundvöllur fyrir. Þó svo að eitthvert gagn sé af fjárfestingunni og framkvæmdum henni tengdum sem nýtist til frambúðar við Landeyjahöfn beinir Ríkisendurskoðun því til Vegagerðarinnar að vanda betur undirbúning verka sinna í framtíðinni.

Í svari Vegagerðarinnar til Ríkisendurskoðunar í mars 2025 kemur fram að brugðist hafi verið við ábendingunni. Stofnunin taki hana alvarlega og viðurkenni að mikilvægt sé að vanda enn frekar til undirbúnings verka.

Álit Ríkisendurskoðunar vegna tillögu 3:

Vegagerðin hefur brugðist við tillögu Ríkisendurskoðunar svo sem frekast er unnt hverju sinni.

RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartún 7, 105 Reykjavík | Glerárgata 34, 600 Akureyri
Sími 448-8800 | postur@rikisendurskodun.is | www.rikisendurskodun.is